



Bæjarráð Hafnarfjarðar

b.t. Haraldar Líndal Haraldssonar

Hafnarfirði 20. mars 2017

Fimleikafélag Hafnarfjarðar óskar eftir að framlag á fjárhagsáætlun áráanna 2017 og 2018 að upphæð kr. 135 milljónir (í raun 150 milljónir þegar tekið er tillit til "umframeignar" Fimleikafélagsins í Kaplakrika) verði varið til byggingar knatthússins Skessunnar. Einnig óskar Fimleikafélagið eftir að 200 milljónir sem Hafnarfjarðarbær hafði áætlað að nota til kaupa á ca. helmingshlut í knatthúsunum Dverg og Risa verði framlag Hafnarfjarðarbæjar til byggingar Skessunnar. Hönnun Skessunar er svo til lokið og er það að sjálfsögðu ætlun okkar FH-inga að framkvæmd og umsjón byggingarinnar verði í höndum okkar.

Meðfylgjandi er "Tillaga að nýjum eignaskiptasamningi í Kaplakrika" sem tekur á eignaskiptingu til framtíðar og er sanngjörn lausn á verkefni sem ekki hefur verið tekið á nú í tæpa tvo áratugi. Tillaga þessi þarfnast nánari skoðunar (útlagðan kostnað Hfj.bæjar 2006-2017, afskriftir o.s.frv.) en gefur að mati okkar FH-inga góða vísbendingu um hvernig hægt er að ljúka eignaskiptum í Kaplakrika um leið og aðstaðan verði sómasamleg hjá þeim börnum og unglingum sem valið hafa að stunda fótbolta hjá Fimleikafélaginu.

Meðfylgjandi er einnig "Lausnir á knattspyrnuviðkun í Kaplakrika" en þar er farið yfir stöðuna séð frá sjónarhóli okkar Fimleikafélagsmanna og ýmsum flötum velt upp. Gögn sem þar eru nefnd liggja fyrir og sjálfsagt að fara yfir þau með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar sem allra fyrst ef áhugi er fyrir hendi.

Með von um skjót og góð viðbrögð,

f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Viðar Halldórsson, formaður.